

Leiðbeiningar fyrir gagnaskil fráveitumála

Leiðbeiningar þessar eru fyrir starfsmenn fráveitna, heilbrigðisnefndir og sveitarfélög sem sjá um að skila gögnum um stöðu fráveitumála á sínu svæði.



Gagnaskil þessi eru í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Upplýsingar sem skila þarf eru m.a. magn fráveituvatns og seyru, hreinsunaraðferðir, útrásir, viðtakar og fleira. Niðurstöðum er skilað til Umhverfisstofnunar Evrópu og birtar opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Til að einfalda gagnaskil hefur Umhverfisstofnun opnað rafræna gagnagátt til að skila gögnum í.

Upplýsingarnar sem skilað er í gáttina er hægt að skoða frá árinu 2014. Ekki er hægt að breyta eldri gagnaskilum sem hefur þegar verið skilað.

Innskráning

1. Senda þarf tölvupóst með ósk um aðgang að gagnagáttinni, senda þarf kennitölu þess aðila sem ætlar að skila gögnum á ust@ust.is. Notandi fær tilkynningu þegar hann er kominn með aðgang að gagnagáttinni.
2. Notandi skráir sig inn í gagnagátt með rafrænum skilríkjum og fær upp síðu og velur þar Fráveitu. <https://gogn.ust.is/gatt/login.php>

Skráning gagna

☰ Gagnagátt Umhverfisstofnunar

🔥 Fráveita

- > Forsíða
- > Þéttbýli
- > Fráveitur
- > Fráveita-þéttbýli
- > Útrásir
- > Viðtakar
- > Seyra
- > Iðnaður
- > Magn úrgangs
- > Skýrsluskil

Til vinstri á síðunni birtist listi sem notandi þarf að vinna sig í gegnum og skila gögnum eins og til er ætlast á hverri síðu.

Á forsíðunni eru upplýsingar um gagnaskilin og útreikniskjal fyrir persónueiningar. Heilbrigðisnefndir skulu sjá um að uppfæra útreikniskjalið fyrir hver gagnaskil. Nema fráveiturnar hafi mælt fráveituvatnið og viti hversu margar persónueiningar fara í gegn um fráveituna.

Síðan koma undirsíðurnar: **Þéttbýli, Fráveitur, Fráveitur-þéttbýli, Útrásir, Viðtakar, Seyra, Iðnaður og Magn úrgangs.**

Til að flýta enn frekar fyrir gagnaskilum er í sumum tilvikum hægt að nota eldri skil til að forfylla í dálkana. Þá verður að gæta þess vel að fara yfir allar spurningarnar og uppfæra þar sem þess þarf.

Innsláttur gagna

Á fyrstu síðunum koma í flestum tilfellum upp samantektargluggar, þar sem helstu niðurstöður eru teknar saman. Hægt er að breyta grunnupplýsingum um þéttbýli, fráveitu eða annað með því að velja **Breyta** hnappinn.

Til að búa til nýja skýrslu skal velja **Ný skýrsla og velja árið og forfylla upplýsingar ef það er hægt.**

Þess þarf að gæta að **vista alltaf** upplýsingarnar sem settar eru inn í hvern glugga áður en honum er lokað.

Höfuðborgarsvæðið
✕

Kennitala: IS001
Þéttbýli: Höfuðborgarsvæðið

Breyta

Eldri skil	
Ár	Fj. persónueininga
2014	427000
2018	219127

Tengdar hreinsistöðvar

Heiti	Kennitala
☑ Höfuðborgarsvæðið, Ánanaust	IS001-01
☑ Höfuðborgarsvæðið, Klettagarðar	IS001-02

➕ Ný tenging

Athugasemdir

Titill	Notandi
✎ Skrífa athugasemd	

Ný skýrsla

✕


Vista milli vinnutarna

Á meðan unnið er í gagnaskilum er hægt að skrá sig út og inn eins oft og vill. Á meðan hver síða er alltaf vistuð í hvert sinn sem breytingar eru gerðar þá haldast þær upplýsingar inni þar til notandi kemur aftur og heldur áfram að skrá inn upplýsingar.

Skil á gögnum

Þegar búið er að svara öllum spurningunum þá er farið í skýrsluskil og smelt á hnappinn „**Staðfesta og skila gögnum**“ til að skila inn gögnunum til Umhverfisstofnunar. Eftir að búið er að skila er ekki hægt að breyta svörum nema í samráði við Umhverfisstofnun.

Ef kemur í ljós að skil voru ekki fullnægjandi geta starfsmenn Umhverfisstofnunar opnað á skýrsluskilin og notandi farið í gegnum ferlið aftur.



The screenshot shows a web application interface for Umhverfisstofnun. At the top, there is a green header with the text "Gagnagátt Umhverfisstofnunar" and a hamburger menu icon. Below the header is a blue sidebar menu with a flame icon and the text "Fráveita". The sidebar menu items are: Forsíða, Þéttbýli, Fráveitur, Fráveita-þéttbýli, Útrásir, Viðtakar, Seyra, Iðnaður, Magn úrgangs, and Skýrsluskil. The main content area is white and titled "Skýrsluskil". It contains a blue button with a plus sign and the text "Staðfesta og skila gögnum". In the bottom right corner of the main content area, there is the Umhverfisstofnun logo.